

# Lög Flugmóðelfélags Suðurnesja

## 1. grein - Félagið

Félagið heitir Flugmóðelfélag Suðurnesja(hér eftir FMS) og er félagsskapur áhugamanna um flug og smíði flugmóðela á Suðurnesjum. Heimili og varnarþing er í Reykjanesbæ.

## 2. grein - Markmið

- Að efla áhuga á smíði og flugi flugmóðela.
- Að efla almenna þekkingu á móðelflugi.
- Að halda keppnir í hinum ýmsu greinum móðelflugs.
- Að tryggja félagsmenn fyrir hugsanlegu tjóni sem flugmóðel kunna að valda samkvæmt skilmálum tryggingaskírteina og í samræmi við lög þar að lútandi.

## 3. grein - Félagar

Allir áhugamenn um móðelflug geta orðið félagar í FMS.

Umsækjandi telst félagi er stjórn félagsins hefur staðfest umsókn hans og hann greitt félagsgjald. Gjaldkeri og formaður hafa umboð stjórnar í þessu efni.

## 4. grein - Aðalfundur

Aðalfundur hefur æðsta vald í öllum málefnum félagsins. Aðalfundur skal halda ár hvert fyrir lok mars. Aðalfundur skal boða skriflega(bréf/tölvupóstur/sms) með eins vikna fyrirvara og telst þá lögmætur. Fundarboði skulu fylgja framkomnar tillögur af lagabreytingum. Aðalfundur ákveður félagsgjald. Kosningarétt og kjörgengi á aðalfundi hafa allir skuldlausir félagar. Atkvæði eru óframseljanleg. Kosningar skulu vera skriflegar nema fundurinn samþykki annað.

## 5. grein - Dagskrá aðalfundar

- Kosning fundarstjóra
- Skýrsla formanns um störf félagsins á liðnu starfsári.
- Reikningar lagðir fram til samþykktar.
- Fjárhagsáætlun og ákvörðun félagsgjalda.
- Skýrslur nefnda.
- Kosning stjórnar
- Tillögur og lagabreytingar.
- Önnur mál.

## 6. grein - Samþykkt mála á aðalfundi

Á aðalfundi þarf einfaldan meirihluta til samþykktar mála. Tillögur um lagabreytingar skal senda stjórn félagsins með ábyrgðarbréfi, eða á annan sannanlegan hátt, minnst 30 dögum fyrir aðalfund. Tillögur um lagabreytingar sem afgreiða skal á aðalfundi skulu fylgja fundarboði aðalfundar.

Til samþykktar á lagabreytingum og til sölu á fasteignum þarf þó tvo þriðju hluta atkvæða þeirra sem mættir eru á aðalfundi og skulu fundargerðir undirritaðar af fundarstjóra og formanni.

## 7. grein - Félagsgjöld

Allir félagsmenn greiða félagsgjald sem ákveðið er af aðalfundi. Þeir einir sem greitt hafa félagsgjald hafa rétt til að nýta sér alla aðstöðu félagsins við Seltjörn. Stjórn FMS getur tilnefnt heiðursfélaga og séu þeir samþykktir skulu þeir undanþegnir félagsgjöldum en njóta annars sömu réttinda og aðrir félagsmenn.

## 8. grein - Námskeið

Stjórn félagsins hefur heimild til þess að halda námskeið á vegum félagsins.

## **9. grein - Stjórn**

Stjórn félagsins er skipuð fimm mönnum.

Formaður, gjaldkeri/ritari, vallarstjóri og tveir meðstjórnendur.

Skulu þeir allir sitja stjórnarfundum félagsins.

Aðalfundur kýs formann og einn meðstjórnanda þau ár sem enda á jafnri tölu, en gjaldkera, vallarstjóra og einn meðstjórnanda þau ár sem enda á oddatölu. Gjaldkeri skal gegna störfum formanns í forföllum hans.

## **10. grein - Stjórnarfundir**

Stjórnarfundur er löglegur ef þrír stjórnarmenn eru mættir.

## **11. grein - Skuldbindingar**

Stjórn getur skuldbundið félagið ef allir stjórnarmenn rita nafn sitt undir.

## **12. grein - Tjón vegna móðelflugs**

Félagið ber ekki ábyrgð á slysum eða tjóni, sem hljótast kunna vegna móðelflugs.

Félagsmönnum er bent á að skv. skilmálum félagstryggingar mega þeir aldrei viðurkenna rétt sinn til bóta gagnvart 3ja aðila, getur slíkt valdið niðurfellingu tryggingar. Þegar tjón verður skal ávallt vísa beint á tryggingafélag.

## **13. grein - Boðun félagsfunda**

Stjórnin boðar til félagsfundar með dagskrá eftir því sem ástæða þykir til. Skyld er að halda félagsfundi ef tveir stjórnarmenn eða 10 félagsmenn krefjast þess og skal fundurinn boðaður með viku fyrirvara. Félagsgundir geta hnekkkt ákvörðun stjórnar.

## **14. grein - Fjármál**

Reikningsárið er frá 1.janúar til 31.desember ár hvert. Ársreikningur skal liggja frammi minnst viku fyrir aðalfund og borinn fram til samþykktar á aðalfundi. Einnig skal á aðalfundi leggja fram sérstakan lista yfir eignir félagsins.

## **15. grein - Úrsögn og brottvikning**

Úrsögn úr félaginu skal vera skrifleg og send félagsstjórn(gjaldkera). Úrsögnin tekur gildi einum mánuði eftir að hún berst stjórninni. Félagar sem ekki hafa greitt árgjöld sín til félagsins í tvö ár eða lengur, skulu strikaðir út af skrá þess.

Stjórnin getur vikið félaga úr félaginu, en ákvörðun þeirri er heimilt að áfrýja til næsta aðalfundar.

Þeir sem segja sig úr eða er vikið úr félaginu eiga ekki rétt á endurkröfu til greiddra félagsgjalda.

## **16. grein - Félagsslit**

Félaginu verður aðeins slitið á aðalfundi, sem sérstaklega hefur verið boðaður í því skyni og verður a.m.k. helmingur atkvæðisbærra félagsmanna að vera mættur og þrír fjórðu hlutar fundarmanna að samþykkja slit þess. Verði félagsslit ákveðin, skal bæjarstjórn Reykjanesbæjar falin umsjón eigna félagsins, þar til annað félag í sama tilgangi yrði stofnað og ganga eignir þá til hins nýja félags.

### **Samþykkt á aðalfundi 2004**

- *Breytt á aðalfundi 2019*
- *Breytt á aðalfundi 2013*
- *Breytt á aðalfundi 2008*